



Tilmæli	33/2022
Tillaga	A 1899/UVU
Afgreiðsla	Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin

Nefndarálit um svar við tilmælum 33/2022

Tillaga

Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin leggur til að Norðurlandaráð færir svarið við tilm. 33/2022 um *stofnun ráðherranefndar um innviði með ábyrgð á samgöngumálum og stafvæðingu* til bókar og biður eftir *pólítísku samráði*

Bakgrunnsupplýsingar

Tilmælin eru svohljóðandi:

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar að

Hún hafi forgöngu um stofnun ráðherranefndar um innviði með samgöngumál og stafvæðingu á Norðurlöndum á sínu verksviði.

Samgöngur á Norðurlöndum verði eins loftslagsvænar og kostur er.

Svar Norrænu ráðherranefndarinnar

Bæði samgöngur og stafvæðing eru mikilvæg starfssvið Norrænu ráðherranefndarinnar. Árið 2017 var skipuð sérstök ráðherranefnd um stafvæðingu, MR-Digital, sem Eystrasaltslöndin eiga einnig aðild að, til að efla samstarf landanna á því sviði. Stafvæðing féll áður undir ábyrgðarsvið MR-U og stofnun MR-Digital sem sjálfstæðrar ráðherranefndar var því merki um nauðsyn þess að skilgreina skýra ábyrgð á málefni stafvæðingar.

Ráðherranefnd stafvæðingar hefur á síðustu árum hrint í framkvæmd fjölda verkefna, meðal annars um rafræn skilríki og gagnaskipti milli landa, og gegnir mikilvægu hlutverki í miðlun þekkingar og reynslu milli Norðurlanda og Eystrasaltsríkja. Í þessu samhengi er mikilvægt að taka fram að líta ber á störf ráðherranefndarinnar sem viðbót við það starf sem fer fram í einstökum löndum og á vettvangi Evrópusambandsins.

Á formennskuári Noregs í Norrænu ráðherranefndinni 2022 hefur samstarf átt sér stað á sviði samgöngumála. Eftir sameiginlegan fund samgönguráðherra Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar í Frederikstad í Noregi 7. og 8. nóvember 2022 gáfu ráðherrarnir frá sér yfirlýsingu sem lýsir yfir samstöðu um ýmis markmið fyrir samstarf um að meðal



annars greiða fyrir nýskapandi tækni fyrir núlllosun gróðurhúsalofttegunda og grænar samgönguleiðir á sjó. Auk þess segir í yfirlýsingunni að löndin séu sammála um að halda áfram að eiga virkt samráð og leitast eftir fremsta megni við að hittast að minnsta kosti tvisvar á ári.

Hvað varðar spurninguna um stofnun ráðherranefndar sem ber ábyrgð á bæði samgöngumálum og stafvæðingu, sem einnig var varpað upp í stefnumarkandi úttektarskýrslunni „Almannavarnir á Norðurlöndum“, sér Norræna ráðherranefndin ýmsar áskoranir.

Norræna ráðherranefndin mælir fyrir öflugum þverfaglegu samstarfi milli ólíkra sviða og er það einnig grunnhugmynd í aðgerðaáætlunar hennar og framtíðarsýn. Öflugt þverfaglegt samstarf felur þó ekki sjálfkrafa í sér að að sameina þurfi ólík ábyrgðarsvið til að stækka sviðin. Í dag má finna góð dæmi um samstarf um bæði stafvæðingu og samgöngumál sem nær yfir mörg ólík svið, þar á meðal ráðherranefnda sem bera ábyrgð á umhverfi og loftslagi, orkumálum, atvinnulífi, menntun og heilsu.

Á þessum tímamarki er ekki ljóst hver samlegðaráhrif mismunandi ábyrgðarsviða yrðu eða hvaða nyt einstök lönd hefðu af sameinaðri ráðherranefnd. Ráðherranefndin telur þvert á móti að sameining gæti skapað ferli og flækjustig sem hætt væri við að græfi undan því góða starfi sem nú þegar fer fram innan vinnusviðanna og þess skipulags sem fyrir er.

Að endingu má nefna að ríkisstjórnir Norðurlandanna hafa hingað til ekki óskað efir stuðningi frá skrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar við það víðtæka samstarf sem Norðurlönd eiga nú þegar á sviði samgöngumála. Ef slík ósk kemur fram standa engar kerfislægar hindranir í vegi fyrir því að skrifstofa Norrænu ráðherranefndarinnar veiti aðstoð en tryggja þarf að slíkt gerist samkvæmt viðunandi skipulagi.

Norræna ráðherranefndin er sammála Norðurlandaráði um að samgöngur þurfi að vera eins loftlagsvænar og mögulegt er. Mörg sviða Norrænu ráðherranefndarinnar stuðla í dag að landsbundinni ákvarðanatöku með ýmsum beinum verkefnum, meðal annars á sviði grænna siglinga.

Norræna ráðherranefndin telur að með þessu hafi verið orðið við tilmælunum að hluta til.

Sjónarmið nefndarinnar

Ráðherranefndin hefur svarað tilmælum um stofnun ráðherranefndar um innviðamál sem ber ábyrgð á samgöngumálum og stafvæðingu á Norðurlöndum, þar sem ráðherranefndin ber ábyrgð á samræmingu og umskiptum yfir í sjálfbærar samgöngur á



Norðurlöndum, sem felur í sér að ráðherranefnd um innviðamál skuli samanstanda af tveimur ráðherranefndum, einni fyrir samgöngumál og einni fyrir stafvæðingu með bæði ráðherrum bæði samgöngumála og stafvæðingar.

Í svarinu kemur fram að ráðherranefndin hafi á vegum sínum sjálfstæða ráðherranefnd fyrir stafvæðingu og að samgönguráðherrar hittist á óformlegum vettvangi, utan Norrænu ráðherranefndarinnar, sem norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin er meðvituð um.

Nefndin túlkar svarið sem barst við tilmælunum um að stofna ráðherranefnd um innviði, sem felur í sér tvær sjálfstæðar ráðherranefndir, sem svo að ráðherranefndin hafi misskilið boðskap tilmælanna og að þess vegna sé svarið ekki afgerandi.

1. Norræna ráðherranefndin segir meðal annars í svari sínu að það mæli fyrir öfluggu þverfaglegu samstarfi milli ólíkra sviða en að það feli ekki sjálfkrafa í sér að sameina þurfi ábyrgðarsvið til að stækka sviðin. Einnig er það skoðun nefndarinnar að ráðherranefndin eigi gott þverfaglegt samstarf um bæði stafvæðingu og samgöngumál sem önnur svið ráðherranefndarinnar hafa á könnu sinni. Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin túlkar svarið sem svo að Norræna ráðherranefndin telji enga þörf á því að stofna samgönguráðherraráð, þar sem önnur svið sinna því málefni nú þegar.
2. Enn fremur segir ráðherranefndin að á þessum tímamarki sé ekki ljóst hver samlegðaráhrif mismunandi ábyrgðarsviða yrðu eða hvaða nyt einstök lönd hefðu af sameinaðri ráðherranefnd. Ráðherranefndin telur þvert á móti að sameining gæti skapað ferli og flækjustig sem hætt væri við að græfi undan því góða starfi sem nú þegar fer fram innan vinnusviðanna og þess skipulags sem fyrir er. Þetta svar staðfestir að ráðherranefndin hafi misskilið tilmælin, þar sem í tilmælunum er kallað eftir ráðherranefnd um innviði sem felur í sér tvær sjálfstæðar ráðherranefndir. Nefndin óskar því eftir skýringu á því hvernig þverfaglegt samstarf, þar sem mörg svið innan Norrænu ráðherranefndarinnar taka að sér málefni samgangna, stuðlar að færri ferlum og minna flækjustigi en stofnun samgönguráðherraráðs.
3. Norræna ráðherranefndin skrifar í svari sínu að Norðurlönd hafi ekki kallað eftir stuðningi frá skrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar við samstarf Norðurlanda í samgöngumálum en að ef slík ósk væri fyrir hendi standi engar kerfislægar hindranir í vegi fyrir því að skrifstofa Norrænu ráðherranefndarinnar veiti aðstoð.



Af svarinu að dæma hafa hvorki Norræna ráðherranefndin né samstarfsráðherrarnir unnið með virkum hætti að því að stofna samgönguráðherraráð þrátt fyrir að Norðurlönd standi frammi fyrir miklum framtíðaraskorunum á sviði samgangna, ekki síst að því er varðar græn umskipti, og að Norræna ráðherranefndin eigi að vinna samkvæmt framtíðarsýn forsætisráðherranna um að Norðurlönd verði heimsins sjálfbærasta og samþættasta svæði heims árið 2030. Atvinnulífið og stór innviðaverkefni sem eru fyrirhuguð krefjast einnig samræmdra aðgerða í formi ráðherranefndar.

Með hliðsjón af framangreindu óskar nefndin eftir pólitísku samráði við samstarfsráðherrana til að fá nánari skýringar á svári Norrænu ráðherranefndarinnar við tilmælunum.

Reykjavík, 14. mars 2023

Kjell-Arne Ottosson (KD)

Mikael Lindholm (ÅC)

Stein Erik Lauvås (A)

Gunilla Carlsson (S)

Ragnhild Male Hartviksen (A)

Lars Püß (M)

Liv Kari Eskeland (H)

Orrí Páll Jóhannsson (VG)

Ann-Christine From Utterstedt (SD)